

Sverrir Bollason býður sig fram til stjórnar Lífsverks. Hann er verkfræðingur og sérhæfir sig í umhverfis- og skipulagsmálum í störfum sínum hjá VSÓ Ráðgjöf þar sem hann hefur starfað síðastliðin 9 ár.

Sverrir er 36 ára og býr í Árbæjarhverfi með konu sinni og þremur drengjum.



Reynsla

Sverrir hefur mikla reynslu af félagsstörfum og mörkun stefnu í stjórnun. Á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur hefur hann unnið að skipulagsmálum með setu sinni í Umhverfis- og skipulagsráði borgarinnar, sem varamaður á árunum 2010-2014 og sem aðalmaður síðan haustið 2015. Um tveggja ára skeið frá 2012 sat Sverrir í Velferðarráði Reykjavíkur sem hefur eftirlit með og markar stefnu fyrir alla þjónustu við eldri borgara og öryrkja í borginni og veitir félagslega aðstoð.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur 2.100 starfsmenn og veltir 23 milljörðum króna árlega. Meðal annarra verkefna á sviði borgarmála hefur Sverrir setið í hverfisráði Vesturbæjar og verið formaður stjórnar Reykjanesfólkvangs frá árinu 2010.

Ábyrg nýsköpun

Sverrir var einn af forvígismönnum þess að stofnað yrði Vistbyggðarráð Íslands, safnaði fylgi við hugmyndina, sat í stjórn þess um árabíl og gegndi störfum framkvæmdastjóra á tímabili. Vistbyggðarráð hefur það hlutverk að gera íslenskan byggingariðnað umhverfisvænni með umræðu, fræðslu og stuðningi við það sem vel er gert.

Við stofnun Innovits (síðar Klak Innovit og nú Icelandic startups) var Sverrir stofnendum og skjólstæðingum innan handar við þróun viðskiptaáætlana og rýni hugmynda.

Undanfarin ár hefur Sverrir setið í byggingarnefnd Félagsstofnunar stúdenta sem undirbýr uppbyggingu og hefur eftirlit með framkvæmdum við byggingu stúdentagarða. FS hefur á tímabilinu sem hann hefur setið í byggingarnefnd hafið uppbyggingu á tæplega 500 íbúðum fyrir stúdenta.

Staðfesta, gagnsæi, ábyrgð

Markmið Sverris með framboði til stjórnar er að viðhalda endurnýjun við stjórnun sjóðsins og halda áfram því góða umbótastarfi sem stjórnir síðustu 6 ára hafa unnið að. Mikilvægt er að hugsað sé til langs tíma við stýringu lífeyrissjóðsins svo ávöxtun nú og til lengri tíma verði bæði eldri og yngri sjóðsfélögum til góða. Þá er mikilvægt að viðhalda og auka eftir föngum gagnsæi í stefnu og störfum sjóðsins. Sjóðsfélagar verða að geta treyst því að fjárfestingar séu gerðar í þeirra þágu en ekki þeirra einna sem bjóða fjárfestingarkosti. Það er sérstakt verkefni að fjárfestingar sjóðsins séu ábyrgar gagnvart samfélaginu sem sjóðsfélagar búa í og er stefna um samfélagsábyrgð grundvöllur eftirfylgdar þess.